

Rangárþing eystra,
Anton Kári Halldórsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ormsvelli 1
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 07. febrúar 2017
2017010046/42-0
BM, GG, TB
jgo/tb

Deiliskipulagstillögur fyrir Húsadal, Langadal/Slyppugil og Bása á Þórsmerkursvæðinu

Vísað er til tölvupósts frá Rangárþingi eystra, dags. 25. janúar, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögur fyrir Húsadal, Langadal/Slyppugil og Bása á Þórsmerkursvæðinu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru framangreindar deiliskipulagstillögur að mörgu leiti vel unnar. Leitast er við að laga skipulag hvers svæðis að náttúrufari þess og landslagi s.s. með að nýta sem mest skóglaus svæði og gerðar eru kröfur um útlit húsa s.s. litaval, að mænisstefna sé samhliða brekkum og að samræmi sé í byggingum. Í skipulagsskilmálum eru einnig ákvæði um að forðast skuli að raska birki.

Veikasti hlekkur bæði deiliskipulagstillagnanna og Stefnumörkunar í skipulags- og byggingarmálum, forsendur og umhverfisskýrsla fyrir Þórsmörk, er stefnuleysi hvað varðar vernd upprunalegs náttúrufars í Þórsmörk og þá fyrst og fremst með skírskotun til verndar líffræðilegrar fjölbreytni, sjá m.a. lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Hvort þetta stafar af því að svæðið er í umsjón Skógræktarinnar og að þar hefur verið plantað framandi tegundum, bæði trjátegundum og lúpínu, skal ósagt látið, en engu er líkara en vísitandi hafi verið horft framhjá því að takast á við þetta atriði í náttúrufari svæðisins og ekkert fjallað um framandi tegundir eða framandi ágengar tegundir. Til dæmis segir í skipulagsskilmálum fyrir einstök svæði og frágang lóða „Lóðir verða ekki afgirtar en heimilt er að planta á lóðamörk m.a. til að auka skjól og bæta útivist. Mælst er til þess að plöntuval verði í samráði við Skógrækt ríkisins.“ Hér segir ekkert um hvort nota megi framandi tegundir eða framandi ágengar tegundir eða ekki. Að mati Náttúrufræðistofnunar á að reyna að vernda sérstöðu og upprunalegt vistkerfi Þórsmerkur eins og kostur er, sjá m.a. 2. gr. laga um náttúruvernd, en í því felst m.a. að vernda þá vaxtarmöguleika sem felast í vistkerfinu en taka ekki áhættu á að umbylta því með framandi ágengum tegundum. Ef það er almennur vilji að stuðla að framangreindu, sem er í samræmi við lög um náttúruvernd, þarf það að koma fram í stefnumörkun og deiliskipulagstillögum. Eins og stefnumörkunin og deiliskipulagstillögurnar eru orðaðar núna virðist beinlínis ekki vera vilji til að takast á við þetta atriði í náttúruvernd hver svo sem hugur manna kann að vera. Að mati Náttúrufræðistofnunar er Þórsmörk að




mörgu leiti einstök á landsvísu og hefur svæðið ígildi þjóðgarðs/friðlands hvað snertir landslag, gróðurfar og jarðfræði og bera að vernda það sem slíkt.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við framangreindar deiliskipulagstillögur.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

